



Heilbrigðisstofnanir og landshlutasamtök  
utan höfuðborgarsvæðisins

Dagsetning  
Málsnúmer

16. september 2024  
HRN24080054  
BST2309008

## Ívilnanir námslána til að bregðast við skorti á heilbrigðisstarfsfólki

Heilbrigðisráðuneytið og Byggðastofnun vekja athygli á framgangi aðgerðar A.6 Aðgengi að sérfræðipjónustu á heilbrigðissviði í gildandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Aðgerðin snýr að beitingu 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020, um sérstaka ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum.

Vorið 2023 skilaði starfshópur heilbrigðisráðherra tillögum til jöfnunar á aðgengi að sérfræðipjónustu á heilbrigðissviði óháð búsetu.<sup>1</sup> Í 6. og 7. kafla í tillögum starfshópsins er fjallað um sérfræðipjónustu á heilbrigðissviði óháð búsetu og lögð fram drög að verklagi og kostnaðargreiningu við beitingu 28. gr. laga nr. 60/2020. Áhersla var lögð á að hefja beitingu ívilnana við endurgreiðslu námslána til að bæta mönnun í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Menntasjóður námsmanna heyrir undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið sem átti fulltrúa í starfshópnum ásamt heilbrigðisráðuneytinu, Byggðastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni.

Byggðastofnun hefur nú lagt fyrir háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytið skilgreiningu á svæðum sem heimilt er að auglýsa ívilnanir á, í samræmi við 1. mgr. 28. gr. laganna, og hefur ráðuneytið samþykkt þá skilgreiningu, sem fylgir bréfi þessu.

Skilyrði fyrir beitingu ívilnunar samkvæmt 2. mgr. 28. gr. er að fyrir liggja tillaga frá sveitarfélagi eða sveitarfélögum til stjórnvalda um þörf á menntuðu fólki í byggð sinni.

Af því tilefni er bréf þetta sent landshlutasamtökum sveitarfélaga og heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni. Með hliðsjón af lagaákvæðinu og fylgigögnum geta sveitarfélög metið þörf á heilbrigðisstarfsfólki á starfsstöð heilbrigðisstofnunar í sínu sveitarfélagi eða fleiri sveitarfélög skoðað þörf innan heilbrigðisumdæmis. Síni matið að þörf sé á fólki í tilteknum heilbrigðisstéttum á svæðinu gerir 28. gr. ráð fyrir því að sveitarfélag/sveitarfélög geri tillögu til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um beitingu ívilnana til að bregðast við skortinum. Í framhaldinu skal Byggðastofnun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga leggja mat á mikilvægi þess að bregðast við þeim aðstæðum.

F.h. heilbrigðisráðherra

Ester Petra Gunnarsdóttir  
lögfræðingur

F.h. Byggðastofnunar

Reinhard Reynisson  
sérfræðingur

<sup>1</sup> Sjá viðhengi.